

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Dalasýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 92. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58 frá 29. marz 1961, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin fjallskilareglugerð fyrir Dalasýslu, nr. 163 frá 30. júlí 1952.

Landbúnaðarráðuneytið, 1. október 1962.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Nr. 174.

10. október.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Fræðasjóð Skagfirðinga, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 10. október 1962.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ fyrir Fræðasjóð Skagfirðinga.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Fræðasjóður Skagfirðinga.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins eru gjafir frá þeim, er unna þjóðlegum fræðum og vilja viðhalda og efla áframhaldandi fræðastörf Skagfirðinga á því sviði. Gjafir og óafturkræf framlög, er sjóðnum berast, eru stofnframlög, og gefendur þeirra skulu skrásettir í bókum sjóðsins sem þátttakendur í stofnun hans og í þeirri röð, sem gjafirnar berast stjórn sjóðsins.

3. gr.

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að því, að Skagfirðingar rannsaki og riti um sem flesta þætti sögu Skagafjarðar, sem ekki eru fullkannaðir, þar með talda persónusögu Skagfirðinga og ættfræði. Skal að því stefnt að tengja ljóslega saman fortíð og nútíð, með það fyrir augum að styrkja svo sem verða má þau bönd, er tengja Skagfirðinga við hérað sitt og áttþaga, og einstakar jarðir. Heimilt er að veita ritverkum um þessi efni viðurkenningu, þó að þau séu unnin af utan-héraðsmönnum. Sögufélag Skagfirðinga hefur forgangsrétt til útgáfu slíkra rita, ef óskað er.

Stjórn sjóðsins skal vinna að þessu þannig:

1. Að verðlauna rit (heimildarrit) eða ritgerðir, er stjórn sjóðsins berast og fjalla um einhverja ákveðna þætti úr sögu Skagafjarðar eða skagfirzskri persónusögu og ættfræði, byggt á rannsóknum höfundarins, enda hafi ritsmíðar þessar verið dæmdar verðlauna verðar.
2. Nú berast stjórn sjóðsins ekki verðlaunahæf rit eða ritgerðir, sem um ræðir í tölulið 1, og er henni þá heimilt að veita efnilegum innanhéraðsmönnum, sem áhuga hafa á þessari fræðigreinin, styrk til eins árs í senn af fé því, sem stjórn sjóðsins hefur til umráða og úthlutunar hverju sinni til þess að rannsaka og rita um einhver þau efni, er hér um ræðir. Stjórn sjóðsins skal fylgjast með starfi styrkþega á þessu sviði.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins, þ. e. höfuðstól hans eins og hann er á hverjum tíma, má aldrei skerða. Leggja skal árlega $\frac{1}{4}$ vaxta við höfuðstólinn þar til sjóðurinn er orðinn $\frac{1}{2}$ milljón króna, eftir það skal leggja $\frac{1}{8}$ hluta vaxta við höfuðstólinn. Sjóðinn skal ávaxta í Sparisjóði Sauðárkróks með svo hagstæðum kjörum sem kostur er hverju sinni.

5. gr.

Úthlutun úr sjóðnum fer fram í fyrsta skipti eftir að $\frac{3}{4}$ ársvaxta sjóðsins nema að minnsta kosti kr. 1 000.00 — eitt þúsund krónum —, til þess tíma leggjast allir vextir árlega við höfuðstólinn. Nú eru hvorki veitt verðlaun eða styrkur úr sjóðnum eitthvert ár, samanber 3. gr., og skal þá stjórn sjóðsins leggja það fé á sérstakan reikning í Sparisjóði Sauðárkróks til ávöxtunar þar til umsóknir berast, sem taldar eru viðurkenningar eða stuðnings verðar, samanber 3. gr.

6. gr.

Stjórn Héraðsskjalasafns Skagafirðinga fer með stjórn sjóðsins, hún ákveður hver eða hverjir skuli hljóta verðlaun eða styrk úr sjóðnum. Stjórnin skal þó leita álits sérfróðs manns eða manna um ritgerðir, sem henni berast, ef einhver úr stjórn sjóðsins óskar þess. Verðlaun úr sjóðnum veitast einu sinni á ári, og ganga þeir fyrir að öðru jöfnu, sem búsettir eru í Skagafirði.

7. gr.

Stjórn sjóðsins annast um varðveislu eigna hans og ávöxtun þeirra í samræmi við ákvæði 4. og 5. greinar. Hún hefur með höndum reikningshald hans og er ábyrg fyrir eignum hans. Skulu ársreikningar sjóðsins lagðir fyrir aðalfund sýslunefndar Skagafjarðarsýslu, en afrit af þeim skal senda bæjarstjórn Sauðárkróks. Sýslunefnd skal jafnframt fylgjast með því, að ákvæðum skipulagsskrárinnar sé fylgt. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningi skal fylgja skrá yfir stofnframlög til sjóðsins ásamt nöfnum gefendanna. Ársreikninginn ásamt skránni skal birta í sýslufundargerð Skagafjarðarsýslu.

8. gr.

Skipulagsskrá þessa skal rita í sérstaka bók, í hana skal enn fremur færa nöfn þeirra, er leggja fram stofnframlag, samanber 2. gr. Fyrsta stofnframlag til sjóðsins er gjöf frá Reynistaðahjónum, Sigrúnu Pálmadóttur og Jóni Sigurðssyni, að upphæð kr. 12 000.00 — tólf þúsund krónum.

9. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók. Í hana skal færa fundargerðir stjórnarinnar, umsóknir um verðlaun eða styrk úr sjóðnum og verðlaun og styrkveitingar stjórnarinnar. Enn fremur ársreikning sjóðsins og annað, er varðar hag hans og rekstur.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, og birta hana síðan í B-deild Stjórnartíðinda.

Reynistað, 12. maí 1961.

Jón Sigurðsson. Sigrún Pálmadóttir.